

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

587. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 23. febrúar 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Þjónustuhús á tjaldsvæði. Viðræður við forstöðumann tæknideildar.
2. Fundargerð stjórnar SSNV frá 10. febrúar sl.
3. Bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.
4. Bréf SSNV. Tillaga um frestun ársþings.
5. Drög að auglýsingu um rekstur Tjaldsvæðisins í Kirkjuhvammi.

Afgreiðslur:

1. Ólafur H. Stefánsson forstöðumaður tæknideildar er mættur til viðræðna við byggðarráð. Kynnti hann tillögu að breytingu á innra rými þjónustuhúss tjaldsvæðis í Kirkjuhvammi. Breytingin er til bóta hvað varðar aðgengi að salernum og sturtum þar sem þau rými verða aðskilin. Kostnaðaraukning vegna þessa er kr. 870.000- Byggðarráð samþykkir framlagða tillögu þó með ábendingu um innihurðir og vísar afgreiðslu til endurskoðunar fjárhagsáætlunar. Sveitarstjóra falið að sækja um byggingarleyfi.
2. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 10. febrúar sl. Rætt um einstaka liði fundargerðarinnar.
3. Fram lagt bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Í bréfinu er sveitarstjórnnum tilkynnt að þeim sé gefinn kostur á að sækja um byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2008-2009. Umsóknarfrestur er til 27. febrúar nk. Sveitarstjóra falið að sækja um úthlutun byggðakvóta fyrir Húnaþing vestra.
4. Fram lagt bréf framkvæmdastjóra SSNV þar sem leitað er eftir afstöðu aðildarsveitarfélaga á tillögu stjórnar samtakanna um frestun ársþings til 21. – 22. ágúst nk. en þingið hafði verið boðað 24. – 25. apríl nk. en sú tímasetning rekst á boðaðar Alþingiskosningar þann 25. apríl nk. Byggðarráð Húnaþings vestra gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við frestun ársþingsins.
5. Fram lögð drög að auglýsingu um rekstur Tjaldsvæðisins í Kirkjuhvammi. Sveitarstjóra falið að birta auglýsingu þar um.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. Fram lögð drög að húsaleigusamningi milli Félagsheimilisins Hvammstanga og Húnaþings vestra v/ félagsmiðstöðvarinnar Oríon. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
7. Byggðarráð fagnar niðurstöðu tímaritsins Vísbendingar, vikurits um viðskipti og efnahagsmál, sem nýlega birti lista yfir draumasveitarfélög, en þar er Húnaþing vestra í 4 sæti.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Ólafur H. Stefánsson
Ólafur H. Stefánsson
Ólafur H. Stefánsson

Fundi slitið kl. 12:15

Ólafur H. Stefánsson

Áheyrnarfulltrúi:

Ólafur H. Stefánsson